

ru fyrir kki bara hóp fólks



Britt-Marie horfir björtum augum á framtíðina þrátt fyrir það, sem á undan er gengið.

brugðin öðrum. Það versta, sem umheimurinn getur gert, er að aumka fatlað fólk. Læknirinn beindi orðum sínum sérstaklega til móðurinnar Margrethe. — Vertu við Britt-Marie nákvæmlega eins og hún væri eðlileg. Þú sem átt þrjú börn í viðbót, mátt fyrir alla muni ekki meðhöndla hana neitt öðru vísi en hin. Fatlaður maður verður að læra að búa með fötlun sína, án þess að annað fólk þurfi að hafa afskipti þar af.

Þetta var raunar ekkert erfitt fyrir Margrethe því hún er laus við allt, sem heitir tilfinninga-semi. Til dæmis, þegar börnin voru ung og fúlsuðu við matnum sínum, sagði hún, að ef þau ekki ætu það sem á borðum væri, fengju þau ekki neitt, og við það sat.

Britt gat ekki farið aftur í skólann þessa önn, en hún hafði sett sér það markmið, að þegar byrjaði aftur skyldi hún hvorki þurfa að nota hækjur né hjólastól. Hún byrjaði markvisst að þjálfa sig og endurhæfa, í fyrstu með hjálp sjúkrabjálfa, en svo upp á eigin spýtur. Hún veigraði sér ekki við að fara í fjallgöngur, er

hún var að æfa gang og jafnvægi. Tólf ára telpukrakki með kjark og viljaprek, sem ekkert beit á. Að því kom, að hún uppskar laun erfðis síns og gat kastað frá sér hækjunum og gengið óstudd.

Nökkurum vikum eftir að hún útskrifaðist af sjúkrahúsinu, varð hún að fara þangað aftur, en í þeim tilgangi að máta gervilim. — Það tekur tíma að venjast slíku, segir hún, — maður verður stöðugt að æfa sig að ganga með hann, fyrst nokkra tíma á dag, en auka það smám saman. Fóturinn er endurnýjaður reglulega, allt eftir því hvernig líkaminn breytist og þroskast.

— Eg veit ekki hve marga ég hef prófað, segir hún, en maður má ekki flana að neinu, þegar maður fær sér gervifót. — Þetta er nýr líkamshluti sem verður að passa við annað og það verður að vera gott samstarf á milli þess sem býr hann til, og þess, sem á að nota hann. Fyrstu árin notaði ég tréftót, en hann var þungur, vó sjö kíló og það var erfitt að nota hann. Fótur eins og ég er með núna, er aftur á móti gerður úr

harðplasti og vegur aðeins þrjú kíló.

Það var Tommy, sá sem hannar gervilimina, sem kom óbeint til með að hafa mikil áhrif á framtíð Britt-Marie.

— Af hverju ferðu ekki að synda, sagði hann dag einn upp úr þurru. — Britt-Marie tók hann á orðinu. Hún hafði lært að synda, er hún var fjögurra ára og var orðin flugsynd sex ára. — Við vorum frá því fyrsta mikil sundfjölskylda, segir frú Samuelsson, og höldum okkur á floti á hverju sem á dynur.

Eins og Britt hafði einsett sér, tókst henni að setjast í skólann að hausti án þess að þurfa að nota

hækjur eða hjólastól. Og ári eftir að aðgerðin var gerð á henni tók hún þátt í sínu fyrsta sundmóti. Það var Svíþjóðarmót fatlaðra, sem fór fram í apríl 1968. Yngsti þátttakandi mótsins, Britt-Marie, sem þá var ný orðin 13 ára, fékk bæði siltur og bronsverðlaun. Þá tók ég þetta bara sem leik, segir hún brosandi. Síðan tók hún stórum framförum og á nú í kringum 90 verðlaunapeninga, gull, siltur og brons og er vel þekkt sundkona meðal þeirra fötludu.

Hún viðurkennir fúslega, að hún verði öðru hvoru dálítið þreytt á þessu, en sundið hafi gefið henni svo mikla örvun og

gleði, að hún haldi áfram ótilkvödd. Hún tekur ávinlega af sér gervifótinn, þegar hún syndir, en handleggir hennar eru orðnir afar sterkir. Í sjö ár eftir aðgerðina varð hún að fara í krabba-skodanir reglulega, fyrst þriðja hvern mánuð, síðan á halts árs fresti og í nokkur ár aðeins einu sinni á ári. Hún þarf ekki lengur að mæta í þessar skodanir. Ef engin sjúkdómseinkenni finnast innan fimm ára, má afskrifa það, að sjúkdómurinn taki sig upp aftur. Eftir þennan tíma fannst ekkert athugasvert og Britt-Marie hefur því þrátt fyrir allt fyllstu ástæðu til að lita björtum augum á framtíðina.



fólk í listum

gert. Þetta er saga af litlum dreng og hesti og reyndar fleiri fyrum. Þessi saga á sér dálítið óvenjulegan aðdraganda, og minnst ég þess ekki að hafa heyrt um svipaðar aðferðir.

Aðferðin var sú, að Halldór teiknaði fyrst myndirnar, en fékk síðan Njörð Njarðvík, rithöfund og lektor til þess að skrifa texta bókarinnar á eftir. Þetta er sem sé með ófugum formerkjum, því að venjan fram til þessa hefur verið sú, að teikna myndir við sögur, en ekki að skrifa sögur við myndir.

Þessar myndir eru líklega einhverjar þær glæsilegustu, sem þrýtt hafa íslenska barnabók. Myndirnar hafa verið á sýningum erlendis, og hafa borizt fjölda margar fyrirspurnir til höfundar frá forlögum úti í heimi, sem vilja gefa bókina út. Hún er væntanleg á markað hér í sýningarlok. Er bókinn hin vandabasta, og er prentuð í London hjá miklum prentlistarmönnum að sögn.

Halldór Pétursson er fæddur í Reykjavík 26. september árið 1916, og voru foreldrar hans þau Pétur Halldórsson, bóksali og

borgarstjóri í Reykjavík og kona hans Olöf Björnsdóttir.

Halldór varð student frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1943 og fór snemma í tíma hjá Guðmundi Thorsteinson (Mugg) og Júlíönu Sveinsdóttur, listmálara.

Síðan stundaði Halldór listnám við Kunsthaandværkerskolen í Kaupmannahöfn og lauk prófum þáðan 1938.

Nam síðan við Minneapolis School of Art og League í New York á árunum 1942-1945.

Halldór hefur tekið þátt í sýningum víða erlendis, t.d. í Bandaríkjunum, Austurríki, Tékkósllovakíu og á Ítalíu.

Í Reykjavík hefur hann sýnt tvisvar áður.

Ef reynt er að gera úttekt á lífsverki Halldórs Péturssonar, frá sjónarmiði þeirra vitundar, er skipar listamönnum á bekk. Þá verður það fyrst og fremst ljóst, að of mikið hefur verið gert úr kátinumyndum á kostnað alvarlegri myndverka. Einnhvern tíma við tækifæri ætti að sleppa öllu gríni og sýna úrtak í staðinn, svo dásamlegir hlutir tynist ekki með öllu í hlátri.

Jónas Guðmundsson.



Hestur, pensilteikning eftir Halldór Pétursson, en hann er ekki hvað sízt kunnur fyrir hestamyndir sínar.